

Tillögur að lagabreytingum á aðalfundi Sjálfstæðisfélags Garðabæjar 2024.

8. gr - Stjórnarmenn

Var:

„Stjórn félagsins skipta 5 aðalmenn að formanni meðtöldum, sem kosinn er sérstaklega. Að auki skulu kosnir 3-5 varamenn. Stjórnin skal kosin á aðalfundi Stjórn og varastjórn eru kosin til eins árs í senn og skal kosning vera skrifleg, ef óskað er sérstaklega eftir því.

Verður:

„Stjórn félagsins skipta **5-7 aðalmenn** að formanni meðtöldum, sem kosinn er sérstaklega. Að auki skulu kosnir **3-7 varamenn**. Stjórnin skal kosin á aðalfundi Stjórn og varastjórn eru kosin til eins árs í senn og skal kosning vera skrifleg, ef óskað er sérstaklega eftir því.

Greinargerð: Síðustu ár hafa stjórnarmenn verið fleiri en lög félagsins kveða á um. Gerð er tillaga um breytingu á fjölda til að opna frekar á sveiflur í fjölda stjórnarmanna milli ára.

11. gr - Aðalfundur

Var:

„Aðalfundur félagsins skal halda fyrir júní lok ár hvert.
Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í dagblaði með minnst viku fyrirvara.
Allar kosningar á aðalfundi skulu vera bundnar og skriflegar ef óskað er eftir því.
Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.“

Verður:

„Aðalfundur félagsins skal halda fyrir júní lok ár hvert.
Til aðalfundar skal boða með minnst viku fyrirvara með sannanlegum hætti.
Allar kosningar á aðalfundi skulu vera bundnar og skriflegar ef óskað er eftir því.
Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.“

Greinargerð: Aðalfundur félagsins hefur jafnan verið auglýstur á vef félagsins, með tölvupósti á félagsmenn, á samfélagsmiðlum og í Garðapóstinum. Tillögunni er ætlað að opna á að birting aðalfundarboðs á öðrum miðlum en í dagblöðum séu nægileg.

16. gr - Félagsgjöld

Var:

„Árgjald félagsmanns skal ákveðið á aðalfundi hverju sinni. Þeir einir teljast fullgildir félagsmenn sem greitt hafa á aðalfundi, það árgjald, sem síðasti aðalfundur ákvað. Félagsmenn sjötugir og eldri skulu undanþegnir félagsgjaldi. Ungir félagsmenn skulu greiða 50% af samþykktu árgjaldi.“

Verður:

„Árgjald félagsmanns skal ákveðið á aðalfundi hverju sinni. Þeir einir teljast fullgildir félagsmenn sem greitt hafa á aðalfundi, það árgjald, sem síðasti aðalfundur ákvað.“

Greinargerð: Stórt hlutfall félagsmanna er á aldrinum 70 ára og eldri. Gerð er tillaga um að fella út undanþágu frá félagsgjaldi til þessa hóps. Að auki er skilgreining á „ungum félagsmönnum“ ekki nógu skýr í greininni. Ljóst er að stór hópur félagsmanna greiðir ekki félagsgjald ef „SUS-aldur“ og/eða 70 ára og eldri eru undanþegnir því. Tillagan gerir ráð fyrir að allir félagsmenn séu jafnir og greiði sömu félagsgjöld.